

Ed.

124. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

- I. Í stað 30% og 50% verðtolls í 8. kafla (1—39) komi alls staðar: 8%.
- II. Nr. 17 í 25. kafla orðist svo:
 - 17 Sement tollfrjálst
- III. Nr. 57, 58 og 60 í 28. kafla orðist svo:
 - 57 — nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá, staðfestri af fjármálaráðherra tollfrjáls
 - 58 — önnur tollfrjáls
 - 60 Baðlyf tollfrjáls
- IV. Nr. 3—5 í 36. kafla orðist svo:
 - 3 — sólaleður og bindsólaleður tollfrjálst
 - 4 — vatnsleður tollfrjálst
 - 5 — annað tollfrjálst

V. Nr. 1 í 37. kafla hljóði svo:	
1 Leðurstykki, tilsníðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hækappar og aðrar þvilikar vörur	tollfrjáls
VI. Nr. 12 og 15 í 39. kafla orðist svo:	
12 — gólfdukar	tollfrjálsir
15 — sólar og hælur	tollfrjálsir
VII. Nr. 1—3, 9—11, 15, 18, 21—22, 28—30, 34, 39—40 og 53 í 40. kafla orðist svo:	
1 — — plankar og bitar, ót. a.	tollfrjálsir
2 — — borð óunnin	tollfrjáls
3 — — borð hefluð og plægð	tollfrjáls
9 — beyki	tollfrjálst
10 — birki og hlynur	tollfrjálst
11 — askur	tollfrjáls
15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon“)	tollfrjáls
18 — brúnsþónn í stykkjum	tollfrjáls
21 — tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar	tollfrjálst
22 — sponns	tollfrjálst
28 — síldartunnur	tollfrjálsar
29 — kjöttunnur og lýsistunnur	tollfrjálsar
30 — aðrar	tollfrjálsar
34 Tigulgólf (parketstafir og plötur), einnig úr öðrum efnum ..	tollfrjálst
39 — húsalistar, ót. a.	tollfrjálsir
40 — þéttilistar á glugga	tollfrjálsir
53 Árar	tollfrjálsar
VIII. Nr. 1—2 og 5 í 41. kafla orðist svo:	
1 Korkplötur, óunnar	tollfrjálsar
2 Korkmylsna	tollfrjáls
5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar ..	tollfrjálsar
IX. Nr. 2—4 í 44. kafla orðist svo:	
2 Þakpappi og annar pappi borinn asfalti, biki, tjöru eða tjöru- olíum, einnig í sambandi við önnur efni	tollfrjálst
3 Veggpappi	tollfrjáls
4 Gólfpappi	tollfrjáls
X. Nr. 3—10 og 13 í 54. kafla orðist svo:	
3 (Skófatnaður) úr leðri og skinni; ót. a.	tollfrjáls
4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum	tollfrjáls
5 — úr leðri með trébotnum	tollfrjáls
6 — (úr kátsjúk) stígvél	tollfrjáls
7 — — skóhlifur	tollfrjálsar
8 — — annar	tollfrjáls
9 — með kátsjúk- eða leðursólum og yfirhluta úr striga	tollfrjáls
10 — tréskór	tollfrjálsir
13 — — annar	tollfrjáls
XI. Nr. 2, 15, 17—18, 21—22 og 25 í 58. kafla orðist svo:	
2 — þakhellur	tollfrjálsar
15 — pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
17 — vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur og þakplötur	tollfrjálsar
18 — pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
21 — húsalistar, einnig í sambandi við önnur efni	tollfrjálsir
• 22 — vegg- og gólfflögur, svo og aðrar plötur úr gipsi til bygg- ingar o. þ. h.	tollfrjálsar
25 — þakhellur og aðrar hellur og flögur, ót. a.	tollfrjálsar

XII. Nr. 1—2 og 4—5 í 59. kafla orðist svo:	
1 Múrsteinn, venjulegur	tollfrjáls
2 Þaksteinar	tollfrjálsir
4 Pípur og pípuhlutar	tollfrjálst
5 Vegg- og gólflögur	tollfrjálsar
XIII. Nr. 5—6 og 13—14 í 60. kafla orðist svo:	
5 (Rúðugler) litað	tollfrjálst
6 — ólitað	tollfrjálst
13 Vegg- og gólflögur	tollfrjálsar
14 Þilfarsgler, götugler (fortovsglas) og annað þess konar gler, einnig þótt það sé í járn- eða steinlímsumgerð	tollfrjálst
XIV. Nr. 1—21 í 63. kafla orðist svo:	
1 Óunnið járn í klumpum	tollfrjálst
2 Stál- og járnsvarf	tollfrjálst
3 Járn og stál í stöngum	tollfrjálst
4 Prófiljárn alls konar, ót. a.	tollfrjálst
5 Svartar járnplötur	tollfrjálsar
6 — þakjárn (bárujárn)	tollfrjálst
7 — aðrar	tollfrjálsar
8 Blikk alls konar	tollfrjálst
9 (Vir) 2—10 mm. að gildleika (í þvermál)	tollfrjáls
10 — grennri en 2 mm. (í þvermál)	tollfrjáls
11 Gjarðajárn	tollfrjálst
12 (Járn- og stálpípur) galvanhúðaðar	tollfrjálsar
13 — nikkelhúðaðar og krómaðar	tollfrjálsar
14 — vatnslásar	tollfrjálsir
15 — pípugerðarmót	tollfrjáls
16 — annað	tollfrjálst
17 (Þakrennur) úr galvanhúðuðu jární	tollfrjálsar
18 — aðrar	tollfrjálsar
19 (Stólpar) girðingarstaurar, ót. a.	tollfrjálsir
20 — aðrir	tollfrjálsir
21 Járnbrautarteinar og skiptispor og hlutar til þeirra	tollfrjálsir
XV. Nr. 1 í 64. kafla orðist svo:	
1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft	tollfrjáls
XVI. Nr. 1 í 65. kafla orðist svo:	
1 Nikkel, nikkblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst
XVII. Nr. 1 í 66. kafla orðist svo:	
1 Alúminíum og alúminíumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst
XVIII. Nr. 1 í 67. kafla orðist svo:	
1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir	tollfrjálst
XIX. Nr. 1 í 68. kafla orðist svo:	
1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft	tollfrjálst
XX. Nr. 1 í 69. kafla orðist svo:	
1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft	tollfrjálst

2. gr.

Aftan við e-lið í „Ákvæði um stundarsakir“ komi: Þó skal til 1. júlí 1943 einungis innheimta verðtoll af andvirði varanna kominna um borð í skip á útflutningshöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að felldur verði niður tollur á ýmsum nauðsynjavörum, svo sem öllu byggingarefni, þ. e. sementi, timbri, steypujárni, húsapappa, gólfdukkum o. fl., efni til skógerðar, skófatnaði, lyfjum, járn til iðnaðar og nokkrum fleiri vörum.

Þá er gert ráð fyrir verðtollslækkun á nýjum og þurrkuðum ávöxtum. Með breytingu við c-lið í „ákvæði um stundarsakir“ er gert ráð fyrir, að ekki verði innheimtur neinn verðtollur af flutningsgjöldum og váttryggingariðgjöldum til júniloka 1943. Í þetta frv. eru hins vegar ekki teknar tillögur um niðurfelling tolla af skömmtunarvörum, þar sem þær eru undanþegnar tolli í frv. því, sem þm. Alþfl. í neðri deild flytja um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Þegar nágildandi lög um tollskrá voru til afgreiðslu og umræðu á Alþingi 1939, var á það bent af flm. þessa frv., að um væri að ræða miklar breytingar til hækkunar á tollum frá því, sem verið hafði. Jafnframt var á það bent, að tekjur ríkissjóðs af tollum samkv. tollskránni væru miðaðar við minnsta innflutning tollvara, sem verið hafði um langt skeið. Var það þá þegar augljóst, að tolltekjur mundu með auknum innflutningi stórukast frá því, sem verið hafði. Einnig var bent á óréttmæti þess að taka verðtoll af farmgjöldum, sem fóru ört hækkandi af styrjaldarástæðum. Fengust að lokum heimildarákvæði inni í lögin, þess efnis, að eigi skyldi innheimta verðtoll af hækkun flutningsgjaldi vegna styrjaldarsaka. Þessi heimild hefur þó aldrei verið notuð, heldur innheimtur verðtollur að fullu af hinni gífurlegu aukningu farmgjaldanna.

Fulltrúi Alþfl. í millipingan. þeirri, er fjallaði um þessi mál, var einnig þeirrar skoðunar, að um mikla tollahækkun væri að ræða. Lagði hann því til, að tollar allir væru lækkaðir um 20%, en um leið væri heimilað, ef sérstaka nauðsyn bæri til, að hækka tollana um 25% fyrir eitt ár í senn. Jafnframt þessu lagði hann til, að lækkaðir yrðu að mun tollar á brýnustu nauðsynjavörum. Þessar tillögur voru einnig fluttar á Alþingi, en náðu þá eigi samþykki. Reynslan hefur nú sýnt, að allt var rétt, sem sagt var um þessi mál. Hafa tolltekjur ríkissjóðs margfaldast á seinasta ári.

Með þeim breytingum, sem felast í þessu frv., er þó ekki farin sú leið að lækka tollana almennt, heldur teknar nokkrar helztu nauðsynjavörur og felldur niður alveg tollur af þeim, eða lækkaður að miklum mun.

Það er ljóst, að í baráttunni gegn dýrtíðinni, sem nú er mest talað um og allir þykjast vilja vera aðilar að, munu tollalækkanir vera eitt öflugasta vopnið, eins og síðar mun að vikið. Hefur þetta beinlínis verið viðurkennt af löggjafanum með samþykkt nágildandi heimildarlaga um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, þar sem ein grein þeirra gerir ráð fyrir niðurfelling tolla á nokkrum nauðsynjavörum.

Einhverjir kunna að andæfa frv. þessu vegna tekjurýrnunar, sem það muni hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Flm. telja, að þá rýrnun eigi og muni ríkissjóður fá bætt á annan hátt, t. d. með auknum tekjum af tekju-, eignar- og stríðsgróðaskatti.

Eins og nú háttar til, eru tekjustofnar ríkissjóðs aðallega þrenns konar.

1. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattur, eignarskattur, stríðsgróðaskattur o. fl.
2. Tekjur af fyrirtækjum ríkissjóðs.
3. Tolltekjur, þar með talin gjöld af innlendum tollvörum.

Flm. þessa frv. telja, að ríkið eigi sem mest að afla sér tekna með allriflegum tekjuskatti og stríðsgróðaskatti af hátekjum, en tollaálögum eigi að vera stillt mjög í hóf, brýnustu nauðsynjavörur undanþegnar hvers konar tolli, en ýmsar munaðarvörur og óþarfi því riflegar tollað.

Allir virðast sammála um, að ein aðalorsök sívaxandi dýrtíðar sé aukin eða það, sem almennt er kallað fölsk kaupgeta. Þykir því rétt að athuga nokkuð, hvort fram-

angreindir tekjustofnar rikissjóðs og ákvörðun þeirra getur haft nokkur áhrif á þessa auknu kaupgetu og þá hvers konar.

Það er yfirlýst stefna stjórnmalaflokkanna á Alþingi, að þær tekjur, sem rikissjóður kann að fá fram yfir það, sem hann þarfnast til nauðsynlegra útgjalda, skuli annað tveggja nota til þess að vinna gegn dýrtíðinni (þ. e. verðbæta vissar vörutegundir) eða leggjast í sérstakan sjóð til notkunar síðar, að styrjöldinni lokinni, er búast má við verðhruni. Þar sem gera verður ráð fyrir því, að auknum tekjum rikissjóðs af ýmsum fyrirtækjum hans verði ráðstafað eins og að framan greinir, geta þær á engan hátt orðið til þess að auka kaupgetuna, en yrðu vitanlega til þess, ef ágóðinn rynni til einstakra manna eða félaga. Hækkun beinu skattanna á hátekjum, þ. e. hækkun tekjuskatts og stríðsgróðaskatts, mun tvímælalaust ná þessu tvennu, fyrsta: auka tekjur rikissjóðs stórlega, — annað: mikill hluti háteknanna yrði tekinn úr umferð og bundinn í sérstökum dýrtíðarsjóði. Hækkun tollanna hefur alveg þveröfug áhrif. Með þeim aðferðum, sem nú tíðkast um álagningu, er verzlunarhagnaður einnig tekinn af tollum svo sem öðrum kostnaði. Tollahækkun skapar því meiri gróða hinna ýmsu milliliða og eykur kaupgetuna. Nú kann einhver að segja, að ef sú leið verður farin að taka háa skatta af hátekjum, verði útkoman sú sama. Svo er þó alls ekki. Í fyrsta lagi er ekki hægt að gera ráð fyrir, að nokkru sinni verði gengið svo langt í skattaálögum, að allur gróði verði tekinn, og hlýtur því alltaf eitthvað að verða eftir í umferð af álagningu á háa tolla. Í öðru lagi hefur aukin peningavelta ávallt í för með sér nokkra aukna kaupgetu. Það er þess vegna óumdeilanlega rétt, að tollalækkunir eru óbrigðult vopn í baráttunni gegn dýrtíðinni. Er því jafnaugljóst og víst, að hækkaðir tollar valda aukinni dýrtíð. Þess vegna verður að vænta þess, að þessu tollalækkunarfrv. verði tekið með velvild og skilningi af þeim, sem í raun og veru vilja eitthvað gera til þess að hamla gegn sívaxandi dýrtíð.

Eins og áður getur í greinargerð þessari, er lagt til, að byggingarefni verði tollfrjálst. Geysimikil þörf er nú á byggingu nýrra húsa. Hitt er vitað, að allt efni, sem til þarf, hefur hækkað mjög í verði, auk hins gifurlega flutningskostnaðar, sem hefur margfaldast síðan styrjöldin hófst. Niðurfelling tolla ætti að hafa allveruleg áhrif til lækkunar, þar sem óeðlilega hár tollur er nú á þessum vörum.

Þá er lagt til, að felldur verði niður tollur af lyfjum og lyfjavörum. Sú tollalækkun mundi að mestu koma sjúkrasamlögunum til góða, en flest þeirra eiga í vök að verjast fjárhagslega, þrátt fyrir síhækkandi iðgjöld. Allir munu nú sammála um, að tilgangi sínum geta þau því aðeins náð, að þau verði fjárhagslega sjálfstæð.

Lagt er til, að felldur verði niður tollur á efni til skógerðar og á tilbúnum skófatnaði. Sá tollur er mjög tilfinnanlegur, enda verðlag á skófatnaði úr hófi fram. Flm. hafa ekki lagt til, að felldur yrði niður tollur á vefnaðarvörum, þar sem þeir líta svo á, að meginhluti þeirra komi undir sérákvæði 18. gr. laga um tollskrá, en sá tollur er eigi mjög tilfinnanlegur.

Lagt er til, að verðtollur á nýjum ávöxtum og þurrkuðum verði lækkaður úr 30% og 50% í 8%. Allir vita, hversu gengið hefur með sölu hinna nýju ávaxta, er komu hingað fyrir skemmstu. Vegna dýrleika, sem verðtollurinn á sinn mikla þátt í, hefur fátækt fólk alls ekki efni á að kaupa þessa hollu og nauðsynlegu vöru handa börnum sínum.

Loks er lagt til, að felldur verði niður tollur af smíðajárni og öðru því, er með þarf til viðgerðar skipa og ýmiss konar þungaiðnaðar. Þykir sjálfsgagt, að þessi iðnaður fái slíka ívilnun, þar sem slíkar viðgerðir, framkvæmdar erlendis, eru ótollaðar með öllu.

Í 2. gr. er lagt til, að verðtollur verði innheimtur einungis af andvirði varanna kominna í skip á útflutningshöfn, en ekki af flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi. Ekki er þó ætlað til, að þetta verði föst regla, heldur gildi aðeins um ákveðinn tíma, eða til 1. júlí 1943. Kæmi þá að sjálfsgöðu í gildi að nýju heimild laganna um að innheimta ekki verðtoll af hækkun farmgjalda af styrjaldaárstæðum, en

með því heimildarákvæði hefur löggjafinn viðurkennt, að rétt sé, þegar sérstaklega stendur á, að víkja frá hinni almennu reglu laganna, að innheimta toll af cif-verði varanna, þ. e. verði þeirra kominna á ákvörðunarstað.

Nánar í framsögu.